

# Endurmenntun leikskólans Ásgarðs 2023-2024

## Endurmenntun

Starfsfólk leikskólans heldur starfi hans uppi með þekkingu sinni, vinnusemi og jákvæðum viðhorfum. Það vinnur ávallt með hag barnanna að leiðarljósi sem er mikilvægasti þáttur leikskólastarfsins.

Samkvæmt lögum um leikskóla 2008 nr. 90 12. júní er sagt til um að leikskólastjór beri að gefa starfsmönnum sínum kost á símenntun og skuli móta áætlun um hvernig henni sé háttað.

### **7. gr. Starfsfólk.**

- Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.
- Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.
- Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

Í leikskólanum Ásgarði eru sex heilir starfsdagar samkvæmt skóladagatali. Á þessum dögum er sett upp fræðsla/endurmenntun fyrir starfsfólk um starfið. Auk þess eru kennarafundir fyrsta þriðjudag í mánuði frá september til maí kl. 16:15-17:15. Á þessum fundum fer einnig fram endurmenntun um starfið fyrir starfsfólk.

Endurmenntun er sett inn á þessa daga. Ásamt því er starfsfólk ávallt hvatt til að leita sér endurmenntunar sem falla að starfi þeirra, þar sem hver starfsmaður getur sótt styrkt vegna námskeiða til síns stéttarfélags.

# Endurmenntun leikskólans Ásgarðs 2023-2024

## 15. ágúst: Starfsdagur:

- Sameiginlegur starfsdagur starfsmanna leik- og grunnskóla verður haldinn fyrir hádegi í grunnskólanum.
  - Unnið með menntastefnu Húnaþings vestra
  - Fyrirlestur: *Hvort viltu vera gleðilgjafi eða fýlupúki?*
- Kennarafundur verður haldinn í leikskólanum eftir hádegi
  - Lagðar línur fyrir komandi skólaár

## 1. september: Starfsdagur

- Haustþing hjá leikskólum norðurlands vestra
  - Þetta árið er haustþingið skipulagt af leikskólum Skagafjarðar
  - Dagskrá liggur ekki fyrir

## 27. október: Starfsdagur.

- Áætlað er að fara í leikskólaheimsóknir á höfuðborgarsvæðinu
  - Þar sem ferð á höfuðborgarsvæðið tekur langan tíma munum við líklegast nýta hluta af starfsdegi í apríl til að komast til móts við það.

## 2. Janúar: Starfsdagur.

- Innra mat leikskólans
  - Hversu góður er skólinn okkar
- Fræðsla um einhverfu

## 16. Febrúar: Starfsdagur

- Skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk leikskólans

## 26. Apríl: Starfsdagur

- Áætlað er að starfsfólk verði búið að vinna af sér hluta af þessum degi vegna ferðar á höfuðborgarsvæðið
- Innra mat leikskólans

### **Fræðsla til starfsmanna óháð starfsdögum.**

- Starfsfólk sækir endurmenntun að eigin vali, eftir áhugasviði sínu til að efla sig í starfi. Endurmenntun er fengin meðal annars frá Endurmenntun HÍ, Farskóla norðurlands vestra og fleiri fagaðilum í uppeldis- og menntunarfræðum.
- Fjölbreytt fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum.
  - Stefnt er að því að fjölga fundum í skólastarfinu og styðja þannig við faglegt samtal og starf.
- Starfsfólk er hvatt til að kynna sér starf í öðrum leikskólum.